

Sþ.

6. Tillaga til þingsályktunar

[6. mál]

um náttúruvernd og ráðstafanir til þess, að almenningur eigi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Páll Þorsteinsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar, að koma skuli á fót sjö manna millipinganefnd til þess að endurskoða lög nr. 48 1956, um náttúruvernd, og gera tillögur um aukna náttúruvernd og ráðstafanir, sem stuðla að því, að almenningur eigi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar.

Fimm nefndarmanna séu kosnir af sameinuðu Alþingi, einn tilnefndur af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi og einn af Ferðafélagi Íslands.

Greinargerð.

Flestum er ljóst, að þótt ýmislegt hafi verið gert varðandi beina náttúruvernd í landinu, fer því fjarri, að þau málefni séu í æskilegu horfi. Víða er verið að stórspilla ýmiss konar náttúrusmíði, svo að óbætjanlegt tjón hlýzt af, án þess að náttúruverndarvöld fái nokkuð að gert, m. a. vegna skorts á valdi og fjármunum.

Þótt umgengni manna úti við hafi nokkuð batnað frá því, sem var um skeið, þá fer því fjarri, að þau mál séu í æskilegu horfi, og þyrfti að íhuga, hvort ekki mætti með einhvers konar skynsamlegri forustu koma á endurbótum í þessu efni. Nægir í þessu sambandi að minna á, hvernig menn sums staðar umgangast sjávarstrendur og vatnsbakka og raunar næsta nágrenni híbýla sinna.

Nú þéttist byggðin víða og kaupstaðir stækka, og borg er komin við Faxaflóa. Stórfelld hætta er nú þegar á því, þar sem byggðin þéttist, að menn hafi ekki tök á því að fara um og njóta náttúrunnar og eðlilegrar útiveru, svo sem vera þarf. Leiðir lokast nú óðfluga, t. d. í nágrenni höfuðborgarinnar og annars staðar í þéttbýlinu við Faxaflóa, og það sama er að gerast annars staðar, þótt í minna mæli sé. Leiðir með sjó og vötnum eru víða girtar, og í sama horf sækir einnig varðandi aðgang að ýmsum heppilegum ferða- og gönguleiðum, sem almenningur hefur áður haft aðgang að.

Aðrar þjóðir ýmsar hafa lent í miklum vanda varðandi þessi efni, og hefur það sýnt sig, að stundum er erfitt úr að bæta, þótt auðvelt hefði verið að tryggja góða lausn, ef ráð hefði verið í tíma tekið.

Það þolir ekki hið að taka þessi mál föstum tókum hér á landi, og virðist flutningsmönnum þau ættu að skoðast með náttúruverndarmálefnum, því að þau efni tengjast mjög, þar sem náttúruvernd þyrfti að framkvæma þannig, að menn fái notið þess, sem verndað er.

Við mættum gjarnan minnst þess, að Íslendingar eru þjóð af því að þeir eiga stórt og gott land, sem þeir hafa tengt traustum böndum. Rofni á hinn bóginn þessi bönd þjóðarinnar við landið, er allt í hættu varðandi framtíð hennar í landinu. Vernda verður því landið og græða. Jafnframt þarf að gæta þess, að þjóðin eigi jafnan greiðan aðgang að því að umgangast það.